Sif Konráðsdóttir

Varðar: Frumvarp til breytinga á þjóðlendulögum
sem lagt var fram á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015, 703. mál, þskj. nr. 1177

Forsætisráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Undirrituð telur brýnt að tryggja frekara gagnsæi í nýtingu auðlinda í þjóðlendum, tekjum af þeim og ráðstöfun tekna, en ráð er fyrir gert, verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Í inngangi athugasemda með frumvarpi á þingskjali nr. 1177 er fjallað um tilefni þess að þjóðlendulögin voru sett árið 1998:

> "Það var fyrst og fremst aukin og breytt nýting á hálendinu sem kallaði á að settar væru skýrar reglur um hver færi með eignarráð lands þar og væri bær um að taka ákvarðanir um þau málefni. Má þar nefna aukinn fjölda ferðamanna á hálendi Íslands sem leitt hefur til aukinnar ásóknar í uppbyggingu fyrir ferðamenn, sem og ásókn í að nýta auðlindir í formi jarðefna, vatnsorku og jarðhita."

Flestir geta líklega verið sammála um það að nú, 17 árum síðar, sé ekki síður mikilvægt en áður að tryggja að slíkar reglur séu skýrar, enda hefur ásóknin sem minnst er á hér að ofan síst hjaðnað.

Á skýrleikakrafan ekki síst við um það <u>á hvaða kjörum</u> þeir sem sækjast eftir að nýta auðlindir þjóðarinnar í þjóðlendum leyfist að nýtingin <u>og hvernig fjármunum er þannig innheimtast er úthlutað</u>, en lögbundið er að þeim skuli varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, sbr. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga. Að mínu mati gerir frumvarpið á þingskjali nr. 1177 ekkert til þess að auka skýrleika í meðferð hins opinbera á auðlindum í þjóðlendum, sem þó væri ærin ástæða til að mínu mati, af neðangreindum orsökum.

1. Á þeim 17 árum sem liðin eru frá setningu þjóðlendulaga hefur sveitarfélag aldrei tilkynnt forsætisráðuneyti um tekjur í þjóðlendu sbr. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga, ef marka má þær þrjár skýrslur er forsætisráðherra hefur gefið Alþingi skv. 5. mgr. 3. gr. laganna[1], en í sömu skýrslum hefur þess jafnan verið getið að það sé þó ekki talið merkja að sveitarfélög hafi engar tekjur haft af nýtingu þjóðlendna.
2. Forsætisráðuneytið hefur í skýrslum sínum skv. 5. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga aðeins upplýst um einn samning er gerður hafi verið um greiðslur fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum í gildistíð laganna. Óljóst er samkvæmt sömu skýrslum hvort aðrir

[1] Skv. 5. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga skal forsætisráðherra árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Skýrslurnar þrjár er forsætisráðherra hefur gefið skv. ákvæðinu er að finna hér http://www.althingi.is/altext/143/s/1175.html http://www.althingi.is/altext/141/s/1260.html http://www.althingi.is/altext/140/s/1491.html

samningar en um Kárahnjúkavirkjun hafi verið gerðið um nýtingu réttinda í þjóðlendu.

3. Í skýrslu forsætisráðherra til Alþingis skv. 5. mgr. 3 gr. þjóðlendulaga fyrir árið 2012 kom fram að innheimtar voru skv. 4. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga samtals 966.619.808 krónur samkvæmt uppgjöri í árslok það ár. Þetta var greiðsla frá Landsvirkjun vegna Kárahnjúkavirkjunar. Engin grein hefur verið gerð fyrir ráðstöfun þessa fjár síðan. Ekki hefur heldur verið gerð grein fyrir útreikningi á uppgjörinu.
4. Í skýrslu forsætisráðherra til Alþingis skv. 5. mgr. 3. gr. þjóðlendulaga fyrir árið 2012 var frá því greint að forsætisráðuneytið hafi á því ári unnið að því í samráði við Fjársýslu ríkisins að móta farveg fyrir það fé sem innheimt verður fyrir nýtingu í þjóðlendu. Segir í skýrslunni að nú sé sá farvegur til staðar. Þrátt fyrir þetta virðist forsætisráðherra í dag ekki telja ljóst hvernig úthluta eigi fjármununum sem innheimtust í árslok 2012. Þannig sagði eftirfarandi er hann mælti fyrir frumvarpinu á þskj. nr. 1177 á Alþingi hinn 29. apríl sl.:

   > "Þessu tengt má geta þess að árið 2012 innti Landsvirkjun af hendi greiðslu í ríkissjóð sem nam tæplega 1 milljarði kr. fyrir afnot af vatnsréttindum í þjóðlendu, auk Brattagerðis vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þessu fjármagni hefur ekki verið ráðstafað, en lögin um þjóðlendur gera ráð fyrir að slíkum tekjum sé varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna. Tímabært er að huga að ráðstöfun, a.m.k. hluta þessa fjármagns, nú þegar mikilvægt er að hefjast handa við uppbyggingu innviða helstu ferðamannastaða, en þeir eru margir hverjir innan þjóðlendna."

   Ekki er ljóst af hverju fjármununum er óráðstafað. Ekki er heldur ljóst á hvaða kjörum þeir eru varðveittir.

Í ljósi ofangreinds óskýrleika leggur undirrituð það til við allsherjar- og menntamálanefnd að hún samþykki ekki frumvarp til efnisbreytinga á þjóðlendulögum nema huga jafnframt að breytingum á lögunum í því skyni að tryggja gagnsæi tekna af nýtingu þjóðlendna og ráðstöfun þeirra.

Antverpen, 15. maí 2015,

Sif Konráðsdóttir
lögfræðingur